

Mánudaginn 18. desember 1989.

Nr. 275/1987. **Guðmundur Jóhannsson**

(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

gegn

Valgeiri Kristinssyni hrl.

f.h. H. T. Collection

(Valgeir Kristinsson hrl.).

Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1987 og gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp 17. júlí 1987. Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, var bú áfrýjanda tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 19. júní 1987. Innköllun var gefin út 23. október sama ár og fyrst birt í Lögbirtingablaði 6. nóvember sama ár. Á skiptafundi 29. febrúar 1988 var ákveðið, að þrotabúið gengi ekki inn í mál þetta. Með bréfi skiptaráðandans í Reykjavík 27. nóvember 1989 var Kristni Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni veitt heimild til að fara með málið „fyrir Hæstarétti, enda sé það án kostnaðar fyrir þrotabúið“. Í yfirlýsingu skiptaráðanda 14. desember sl. segir, að bréf þetta beri ekki að skilja svo, að þrotabúið hafi tekið við aðild málsins, „heldur þannig, að búið hafi ekkert við það að athuga, þótt þrotamaður reki þessi mál, enda eru það hagsmunir hans í húfi, þar sem búið er sennilega alveg eignalaust“. Af hálfu stefnda var því lýst yfir, að hann beindi kröfum sínum bæði að áfrýjanda persónulega og

þrotabúi hans. Samkvæmt 1. tl. 118. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, verður frávisunarkröfu hans því ekki sinnt.

II.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál á hendur áfrýjanda „persónulega og vegna einkafirma hans, Borgarhúsgagna“, en því vikið til almennrar meðferðar, eftir að áfrýjandi sótti sjálfur þing, lagði fram greinargerð og krafðist sýknu. Við fyrirtekt málsins 10. júní 1987 sótti áfrýjandi ekki þing, og var málið þá dómtekið að kröfu stefnda og tekið fram, að aðeins væri óskað dóms á áfrýjanda persónulega. Hinn 30. júní 1987 var bæjarþing Reykjavíkur háð í þingstofu bæjarþings Hafnarfjarðar og mál þetta tekið fyrir. Þá var bókað: „Málið er endurupptekið. Af hálfu stefnda er ekki sótt þing. Af hálfu stefnanda sækir þing Valgeir Kristinsson hrl. og leggur fram nr. 7-11 sókn og fskj. og málið í dóm. ... Málið er dómtekið.“

Er málið var dómtekið fyrra sinni 10. júní 1987, hafði stefndi lagt fram kröfu sinni til stuðnings vörureikning, stílaðan á Borgarhúsgögn, ásamt bréfi til umboðsmanns síns á Íslandi. Nafn áfrýjanda kemur þar ekki fram, og ekki hafði verið lögð fram staðfesting þöntunar af hans hendi. Í greinargerð áfrýjanda til bæjarþingsins segir m.a.: „Undirritaður hefur aldrei persónulega pantað vörur þær, sem stefnandi heldur fram í máli þessu. Borgarhúsgögn eru ekki einkafyrirtæki mitt og hafa aldrei verið. Borgarhúsgögn er nafn á húsgagnaverslun, sem var í eigu G.J.-húsgagna.“

Samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, gat stefndi, að því leyti sem nauðsynlegt var til að hnekkja því, sem fram var komið af hálfu áfrýjanda, fengið frest til að afla gagna eða flytja sókn. Stefndi neytti eigi þessarar heimildar og lagði málið í dóm. Samkvæmt framangreindu lagaákvæði bar nú að dæma málið eftir fram komnum kröfum og skilríkjum og með tilliti til þess, sem fram var komið af hálfu áfrýjanda. Mála-tilbúnaði var svo áfátt af hendi stefnda, að vísa átti málinu sjálfkrafa frá dómi. Þess í stað var málið án rökstuðnings endurupptekið. Ekki verður á það fallist, að við þessar aðstæður hafi dómara verið rétt að endurupptaka málið. Ber því sjálfkrafa að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa málinu frá bæjarþinginu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri kostnað sinn af máli þessu.

Ekki er fram komið, hvaða nauðsyn bar til að halda þing í máli þessu í Hafnarfirði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur og málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. júlí 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. júní sl., hefur H.T. Collection, Salpangas, Finnlandi, höfðað fyrir dóminum með áskorunarstefnu, birtri 9. desember 1986, á hendur Guðmundi Jóhannssyni, nnr. 3082-4067, Eyjabakka 3, Reykjavík, persónulega og vegna einkafirma hans, Borgarhúsgagna, Fells múla 26, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 13.033,00 finnsk mörk, auk vaxta og kostnaðar. Skuld þessi er vegna húsgagnakaupa samkvæmt vörureikningi, dags. 10. sept. 1986. Vörurnar voru sendar stefnda með skipi. Kaupverðið var 23.068,00 f.m. Stefndi leysti ekki til sín vörurnar, og voru þær seldar öðrum aðila á ábyrgð stefnda fyrir 17.301,00 f.m. til þess að komast hjá því, að vörurnar yrðu seldar á nauðungaruppboði. Mismunur á kröfu stefnanda og greiðslunni, er fékkst fyrir vörurnar, nemur 5.767,00 f.m. og vextir í 630 daga til 10. september 1986 7.266,00 f.m., og er stefnukrafa þannig fundin, 13.033,00 f.m. Stefnandi hefur gert nánari grein fyrir málsatvikum þannig í skriflegri sókn:

Stefndi gerði kaupin sjálfur í Kaupmannahöfn á vörusýningu, að fjárhæð 23.060,00 f.m. Kröfunni var skipt í tvennt að hans ósk. Valhúsgögn hf. keyptu síðan vörurnar á síðasta degi fyrir nauðungaruppboð og fengu afslátt, 5.767,00 f.m., til að hægt væri að mæta geymslukostnaði, sem á fallinn var, þar sem Borgarhúsgögn höfðu ekki leyst til sín vöruna.

Innheimtumál þetta er fyrir eftirstöðvum kröfunnar ásamt vöxtum, og nam skuldin 13.033,00 f.m. 10.9. 1986.

Umboðsmaður stefnanda annaðist meðalgöngu um sölu til Valhúsgagna á vörunni til að afstýra frekara tjóni en verða myndi, ef vörurnar seldust á nauðungaruppboði.

Ekki var gerð skrifleg pöntun á vörunum, en stefnandi sendi skriflega staðfestingu, sem nú er lögð fram í málinu.

Stefndi rak á þeim tíma, sem krafan stofnaðist, fyrirtæki undir nafninu Borgarhúsgögn, sem var ekki skráð og því rekið á persónulega ábyrgð stefnda, sem notaði firmanafnið.

Síðar, í febrúar 1986, stofnaði stefndi hlutafélagið Borgarhúsgögn, og

er það því ekki samningsaðili og ekki önnur félög, sem stefndi kann að hafa rekið á sama tíma, enda bera gögn málsins það ekki með sér.

Stefnandi orðar stefnukröfur sínar þannig:

Fyrir dóminum mun stefnandi gera þær réttarkröfur, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 13.033,00 f.m. með 7,75% ársvöxtum frá 10.9. 1986 til greiðsludags, vextir bættist við höfuðstól á 12 mánaða fresti við útreikning vaxta auk málskostnaðar að skaðlausu.

Af gögnum málsins má sjá, að reikningur stefnanda er frá 29. nóvember 1984.

Við þingfestingu málsins var sótt þing af hálfu stefnda, og af hans hálfu hefur komið fram greinargerð í málinu, þar sem krafist er sýknu og málskostnaðar að mati dómsins. Stefnandi kveðst aldrei persónulega hafa pantað vörurnar og ekki vera eigandi Borgarhúsgagna. Máli þessu hefur verið vikið til almennrar meðferðar, en þingsókn hefur fallið niður af hálfu stefnda. Verður þá að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum og því, sem fram hefur komið af hálfu stefnda í málinu.

Samkvæmt vottorði hlutafélagaskrár er stefndi stjórnarformaður og framkvæmdastjóri G.J.-húsgagna hf. Dagsetning samþykktar þess félags er 1. maí 1984. Þá er hann meðstjórnandi í Borgarhúsgögnum hf., en dagsetning samþykktar þess félags er 26. febrúar 1986. Við það verður að miða, að ekkert skrásett firma hafi verið með nafni Borgarhúsgagna, þegar samningurinn var gerður, og að stefndi hafi ekki gert grein fyrir því, að hann gerði samninginn sem umboðsmaður hlutafélags. Verður hann því að bera persónulega ábyrgð á efndum samningsins, sem stefnandi virðist hafa efnt að sínu leyti.

Stefnandi hefur fallið frá kröfum á hendur stefnda „f.h. einkafirma hans, Borgarhúsgagna“.

Mikið vantar á, að viðhlítandi grein sé gerð fyrir málinu af hálfu stefnanda, en ekki þykja þó næg efni til að neyta heimildar til frávísunar málsins. Engin viðhlítandi grein hefur verið gerð fyrir vaxtakröfu stefnanda, og þykja þá ekki efni til að fallast á hana frá fyrri tíma en gildistökudegi vaxtalaga 14. apríl 1987. Einungis þykir fært að veita dóm fyrir eftirstöðvum kaupverðsins ásamt vöxtum, en kröfugerð stefnanda þykir mega skilja svo, að hann krefjist vaxta frá 18. desember 1984. Vextir þeir, sem reiknaðir eru inn í höfuðstól dómkröfu stefnanda, eru 18% ársvextir, en samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, sem stefnandi hefur lagt fram í málinu, eru leyfilegir dráttarvextir á umræddu tímabili mun lægri. Samkvæmt þessu þykir bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda 5.767,00 f.m. auk vaxta og málskostnaðar, eins og nánar greinir í dómsorði.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur Jóhannsson, greiði stefnanda, H.T. Collection, 5.767,00 finnsk mörk með 10,25% ársvöxtum frá 18. desember 1984 til 1. febrúar 1985, með 7,25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 8,75% ársvöxtum frá þeim degi til 19. maí 1986, með 7,75% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum, þar með töldum vaxtavöxtum, samkvæmt 11. gr., sbr. 12. gr., laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þó eigi hærri en 7,75% p.a., og 13.000,00 kr. í málskostnað.
